Kópavogsbær

UMHVERFISSVIÐ, SKIPULAGSDEILD

Digranesvegur 81

Ljósaskilti

Dags. 08.08.2024
One 2403331/BG

Umsögn skipulagsdeildar

Lögð fram byggingarleyfisumsókn þar sem sótt er um leyfi fyrir 18 m2 led-ljósaskilti sem snýr að hringtorgi að gatnamótum Digranes- og Dalvegar.





Umsögn:

Í gildi er aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Lóðin er staðsett á opnu svæði.
Í gildi er deiliskipulagið „Kópavogsdalur – útivistarsvæði" samþykkt 22. maí 1990. Engar heimildir eru fyrir ljósaskiltum í deiliskipulagi. Hvorki skiltið né byggingin/skúrinn sem skiltið hangir á er ekki í samræmi við skipulag.

Umferðarlög 2019 nr. 77 25. júní
■ **90. gr.** *Auglýsingaskilti við veg.*
☐ Spjöld, auglýsingar, ljósaskilti eða sambærilegan búnað má eigi setja á eða við veg þannig að honum sé beint að umferð nema með heimild veghaldara. Veghaldari getur synjað um leyfi eða gert kröfu um að slíkur búnaður verði fjarlægður ef hann telur hann draga úr umferðaröryggi, þar á meðal ef misskilja má hann sem umferðarmerki, umferðarskilti eða vegmerkingu, búnaður tálmar vegsýn eða er til þess fallinn að draga athygli vegfarandans frá vegi eða umferðinni.

Niðurstaða:
Kópavogsbær er veghaldari Digranesvegs og Dalvegs. Ekki er æskilegt að setja fordæmi fyrir ljósaskiltum að þessari stærð sem vísa að umferð og íbúðarbyggð. Einnig er hvorki skiltið né byggingin/skúrinn sem skiltið hangir á í samræmi við skipulag né landnotkun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026